

**Persónuvernd**  
06 251

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Persónuvernd**

**kt. 560800-2820**

**Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra. Ráðherra skipar bæði forstjóra og stjórn Persónuverndar. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi hennar en að öðru leyti ákveður stjórn skiptingu starfa á milli hennar og skrifstofu. Í því skyni hefur stjórn sett reglur nr. 876/2018 um skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna Persónuverndar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 315,2 milljónir og afkoma kr. -10,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -10,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 38,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Persónuverndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Persónuverndar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Helga Þórisdóttir,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	307.000.000	298.600.000
Seld þjónusta .....	3	3.413.028	2.828.860
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	2.242.900	3.249.209
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.558.909	2.449.053
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>315.214.837</b>	<b>307.127.122</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	268.441.340	250.245.884
Annar rekstrarkostnaður .....	6	55.060.953	53.876.492
Afskriftir .....	7	2.558.909	2.449.053
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>326.061.202</b>	<b>306.571.429</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(10.846.365)	555.693
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(4.480)	(533)
		(4.480)	(533)
	<b>Afkoma ársins</b>	<b>(10.850.845)</b>	<b>555.160</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		9.108.480	7.442.322
Aðrar eignir .....		102.706	121.205
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>9.211.186</b>	<b>7.563.527</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	29.359.522	37.535.117
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>29.359.522</b>	<b>37.535.117</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>38.570.708</b>	<b>45.098.644</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(10.471.993)	378.852
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>(10.471.993)</b>	<b>378.852</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	106.400	342.420
Viðskiptaskuldir .....		1.771.954	2.955.276
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	32.504.849	27.203.689
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	14.659.498	14.218.407
<b>Skuldir samtals</b>		<b>49.042.701</b>	<b>44.719.792</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>38.570.708</b>	<b>45.098.644</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(10.850.845)	555.160
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir .....	7	2.558.909	2.449.053
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.558.909)	(2.449.053)
		(10.850.845)	555.160
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		6.733.007	(2.730.698)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		4.117.838	2.175.538
		10.850.845	(555.160)
		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(4.206.568)	(1.975.081)
		(4.206.568)	(1.975.081)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		1.206.568	0
Fjárfestingarframlag .....		3.000.000	1.975.081
		4.206.568	1.975.081
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifnað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsejanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppssejanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	307.000.000	298.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.558.909	2.449.053
	<u>309.558.909</u>	<u>301.049.053</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	305.200.000	0	0	305.200.000
Millifært úr varasjóð .....	1.800.000	0	0	1.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>307.000.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>307.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum ....	(317.850.845)	0	0	(317.850.845)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(10.850.845)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(10.850.845)</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	3.394.128	2.802.400
Selt fæði .....	18.900	26.460
	<u>3.413.028</u>	<u>2.828.860</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	1.055.682	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	1.187.218	3.249.209
	<u>2.242.900</u>	<u>3.249.209</u>

	2021	2020
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	214.186.142	201.308.932
Orlof, breyting .....	5.301.160	1.987.096
Launatengd gjöld .....	47.345.245	44.782.306
Starfsmannakostnaður .....	1.608.793	2.167.550
	<u>268.441.340</u>	<u>250.245.884</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	18,6	18,1

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.133.093	818.043
Byggingarvörur, almennar .....	0	495
Ýmis tæki og áhöld .....	281.873	444.040
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	5.249	0
Orkugjafar .....	761.290	1.201.522
Matvæli .....	1.400.118	1.306.408
Almennar rekstrarvörur .....	<u>315.391</u>	<u>267.315</u>
Vörukaup, almenn	3.897.014	4.037.823
Ýmsar sérgreindar vörur .....	66.895	42.691
Vörukaup, sérgreind	66.895	42.691
Fundir, námskeið, risna .....	493.000	940.700
Ferðir, upphald .....	583.039	1.245.155
Akstur .....	99.932	46.298
Sérfræðiþjónusta .....	10.904.223	11.533.426
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	24.882	27.311
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.447.345	1.068.649
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>1.646.001</u>	<u>1.198.704</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.198.422	16.060.243
Afnotagjöld .....	10.693.806	10.066.154
Leigugjöld .....	20.785.000	19.979.813
Notkun véla og flutningatækja .....	22.050	75.240
Verkkaup .....	3.978.428	3.174.106
Kostnaðarhlutdeild .....	419.338	440.422
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	35.898.622	33.735.735
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>55.060.953</u>	<u>53.876.492</u>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.540.410	2.430.554
Aðrar eignir .....	<u>18.499</u>	<u>18.499</u>
	<u>2.558.909</u>	<u>2.449.053</u>

## Skýringar

31.12.2021      31.12.2020

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	9.108.480	7.442.322
Aðrar eignir .....	102.706	121.205
	<u>9.211.186</u>	<u>7.563.527</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	17.838.781	184.995	18.023.776
Viðbætur á árinu .....	4.206.568	0	4.206.568
	<u>22.045.349</u>	<u>184.995</u>	<u>22.230.344</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	10.396.459	63.790	10.460.249
Afskrift ársins .....	2.540.410	18.499	2.558.909
	<u>12.936.869</u>	<u>82.289</u>	<u>13.019.158</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>9.108.480</u>	<u>102.706</u>	<u>9.211.186</u>

### 9 Tengdir aðilar

31.12.2021      31.12.2020

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	24.778.176	37.535.117
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	4.581.346	0
	<u>29.359.522</u>	<u>37.535.117</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	106.400	342.420
	<u>106.400</u>	<u>342.420</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. .....	378.852	(176.308)
Afkoma ársins .....	(10.850.845)	555.160
Jöfnuður 31.12. .....	<u>(10.471.993)</u>	<u>378.852</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021      31.12.2020

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	32.504.849	27.203.689
	<u>32.504.849</u>	<u>27.203.689</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	9.211.186	7.563.527
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	<u>5.448.312</u>	<u>6.654.880</u>
	<u>14.659.498</u>	<u>14.218.407</u>
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
Staða 01.01.2021 .....	7.563.527	6.654.880
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4.206.568	(4.206.568)
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(2.558.909)</u>	<u>0</u>
	<u>9.211.186</u>	<u>5.448.312</u>
	Samtals frestaðar tekjur	
	14.218.407	
	0	3.000.000
	0	0
	(2.558.909)	(2.558.909)
	9.211.186	14.659.498

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 21,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörlususamninga kr. 13,9 milljónum. Einnig hafa verið gerðir aðrir rekstrarsamningar sem einnig eru ótímabundnir og nema árlegar greiðslur vegna þeirra kr. 364 þúsundum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjalfþærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.